

Úthlutunarreglur Vísindasjóðs Orkuveitur Reykjavíkur

1.gr. - Markmið

- 1.1 Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum. Framtíðarsýn Orkuveitu Reykjavíkur er að auka lífsgæði með samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Tilgangur Vísindasjóðs Orkuveitu Reykjavíkur (VOR) er að styðja við þessa framtíðarsýn.
- 1.2 Að stuðla og styrkja rannsóknir á starfssviði fyrirtækisins með sérstakri áherslu á þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru í forgangi hverju sinni í samræmi við stefnu fyrirtækisins.
- 1.3 Að styrkja rannsóknir meistara og doktorsnema sem tengjast starfssviði og áherslum Orkuveitu Reykjavíkur.

2.gr. - Umsóknir

- 2.1 Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn einu sinni á ári og skal frestur til að skila inn umsóknum ekki vera skemmri en 30 dagar.
- 2.2 Umsóknum skal skilað á rafrænu formi í gegnum umsóknagátt á vef Orkuveitu Reykjavíkur (or.is) ásamt öllum fylgiskjölum. Ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.
- 2.3 Umsækjendur geta sótt um tvenns konar styrki, nemandastyrki og verkefnastyrki, og eru styrkirnir veittir í allt að 36 mánuði. Ekki er hægt að sækja um nýjan styrk ef umsækjandi er nú þegar með styrk, nemenda- eða verkefnastyrk, frá sjóðnum. Ekki er hægt að hafa fleiri en einn virkan styrk frá sjóðunum á hverju tímabili fyrir sig.
- 2.4 Heimilt er að óska eftir nánari upplýsingum frá umsækjendum en þeim sem koma fram í umsókn.
- 2.5 Heimilt er að leita sérfræðipækkingar við mat á umsóknum ef talin er þörf á. Fullur trúnaður ríkir um þær upplýsingar sem öðrum eru veittar

3.gr. - Nemandastyrkir

- 3.1 Auglýst er eftir umsóknum frá meistara- og doktorsnemunum um styrki í þessum flokki. Nemendur þurfa að vera með staðfesta skólavist sem og staðfestan leiðbeinanda til að vera gjaldgengir fyrir styrk úr sjóðnum. Í umsókninni gera nemendur grein fyrir námsárangri sínum og því rannsóknarverkefni sem þeir eru að vinna að eða hyggjast fást við í námi sínu.
- 3.2 Styrkir eru veittir vegna launakostnaðar nemans og annars rannsóknarkostnaðar sem er beintengdur verkefninu.
- 3.3 Veitt upphæð nemandastyrkja tekur mið af útlögðum kostnaði sem listaður er í kostnaðaráætlun umsóknarinnar. Nemandastyrkir geta numið að hámarki 100% af heildarkostnaði.
- 3.4 Við mat á umsóknum er litið til námsferils umsækjanda og hversu vel áætlað rannsóknarverkefni fellur að tilgangi og markmiðum sjóðsins ásamt gæðum umsóknar.

4.gr. - Verkefnastyrkir

- 4.1 Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og annars rannsóknarkostnaðar sem er beintengdur verkefninu.

- 4.2 Veitt upphæð verkefnastyrkja tekur mið af útlögðum kostnaði sem listaður er í kostnaðaráætlun umsóknarinnar. Verkefnastyrkir geta numið að hámarki 70% af heildarkostnaði.
- 4.3 Við mat á umsóknum metur stjórnin hversu vel verkefni fellur að tilgangi og markmiðum sjóðsins og gæðum umsóknar. Jafnframt er litið til trúverðugleika kostnaðar- og tímaáætlunar verkefnisins og hvort verkefnið njóti styrkja annarra sjóða.

5.gr. - Mat á umsóknum, samningar og eftirfylgni

- 5.1 Umsóknir eru rýndar og metnar af sérfræðingum af því sviði sem rannsóknarefni umsóknarinnar tilheyrir. Þeirri rýni er skilað til fagráðs rannsóknasjóðsins sem í kjölfarið ber saman umsóknir og gerir tillögur að úthlutun úr sjóðnum.
- 5.2 Stjórn sjóðsins fer yfir tillögur fagráðsins og ákvarðar úthlutun.
- 5.3 Stjórn sjóðsins skal gera samning við styrkþega um tilhögun greiðslu styrks og skuldbindingar styrkþega, s.s. varðandi framvindu- og lokaskýrslur. Sé verkefni ekki hafið innan 6 mánaða frá styrkveitingu, fellur styrkur niður, nema sérstakrar aðstæður séu fyrir hendi, að mati stjórnar.
- 5.4 Stjórn sjóðsins er heimilt í slíkum samningi að skilyrða styrkveitingu því að hlutdeild í tekjustreymi sem skapast vegna verkefnisins eða einkaleyfa á uppgötvunum renni til sjóðsins.
- 5.5 Styrkþegar skulu skila framvinduskýrslu árlega og lokaskýrslu verkefnis samkvæmt skilmálum styrksamnings.
- 5.6 Styrkþegar skulu vera viðbúnir að kynna verkefni sitt á viðburðum Orkuveitu Reykjavíkur sé þess óskað.
- 5.7 Ef styrkþegi hefur fengið styrk til lengra tímabils en 12 mánaða veltur áframhaldanda styrkveiting á fullnægjandi framvinduskýrslu sem skilað er inn til sjóðsins árlega. Ef framvinda er ekki talin fullnægjandi, áskilur stjórn sjóðsins að fella niður frekari styrkveitingar.

6.gr. - Trúnaður

- 6.1 Stjórn og starfsmenn sjóðsins skulu gæta fulls trúnaðar um þær upplýsingar sem fram koma í umsóknum. Þurfi stjórnin að leita sérfræðiaðstoðar skal það gert með skilyrði um fyllsta trúnað af hálfu ráðgjafa.
- 6.2 Umsóknir og mat á þeim verður vistað á öruggu svæði. Sérfræðingar utan OR samstæðu munu skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu áður en þeir fá aðgang að umsóknum.
- 6.3 Stjórn sjóðsins er heimilt að greina opinberlega frá heiti rannsóknar, nafni styrkþega og styrkfjárhæð.

7.gr. - Annað

- 7.1 Stjórn sjóðsins skal gefa stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skýrslu um styrkveitingar sjóðsins, fjárhagsstöðu hans og framvindu styrkra verkefna árlega eða þegar eftir er leitað.
- 7.2 Stjórn sjóðsins skal uppfæra úthlutunarreglur árlega ef ástæða þykir til, ætíð þó áður en auglýst er eftir umsóknum hverju sinni.